

**396. fundur  
Hreppsnefndar Tálknafjarðar  
haldinn að Miðtúni 1, Tálknafirði,  
miðvikudaginn 11. febrúar 2009 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Guðni Ólafsson (GÓ), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Bragi Geir Gunnarsson (BGG), Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaugur Jónsson (GJ), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

**Fundargerð ritaði:** Ása Jónsdóttir

Oddviti setti fundinn og athugaði hvort athugasemdir væru við boðaða dagskrá, svo var ekki. Gengið til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

1. **0902036 - Fjórðungssamband Vestfirðinga. Fundargerð frá 14. janúar 2009**  
Fundargerðin staðfest einróma.
2. **0902026 - Hafnarsamband Íslands. Fundargerð 318. fundar, 16. janúar 2009**  
Fundargerðin staðfest samhljóða.
3. **0902029 - Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 760. fundar, 23. janúar 2009**  
Fundargerðin staðfest einróma.
4. **0902041 - Samruni grunn-, leik- og tónlistarskóla í eina rekstrareiningu.**  
Frá því að ný lög um leik- og grunnskóla voru samþykkt 1.júlí 2008, hefur verið til athugunar að samreka grunn-, leik- og tónlistarskóla undir einum stjórnanda. Upphaflega var stefnt á samruna haustið 2008, en tillaga Birnu Benediktsdóttur, um frestun til haustins 2009 var samþykkt á 30.fundi skólanefndar þann 23.júlí 2008 og staðfest á 390.fundi hreppsnefndar þann 10.september 2008. Grunn- og tónlistarskóli hafa verið reknir í sama húsnæði undir grunnskólastjóra í þó nokkur ár. Hreppsnefnd felur skólanefnd ásamt framkvæmdarstjóra sveitarfélagsins að vinna að samruna skólanna í samræmi við fyrri ákvarðanir þar um. Ofanrituð tillaga oddvita samþykkt samhljóða.
5. **0902042 - Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans 2010-2012, fyrri umræða.**  
Til máls tóku EIS, BGG, BG, BB, GÓ.Þriggja ára fjárhagsáætlun vísað til síðari umræðu, samþykkt samhljóða.
6. **0902039 - Samband íslenskra sveitarfélaga. XXIII. landsþing Sambands íslenskra sveitafélaga**  
Hreppsnefnd fór yfir kjörbréf sinna fulltrúa og engar breytingar gerðar. Samþykkt samhljóða.

- 7. 0902035 - Menntamálaráðuneytið. Niðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla haustið 2008**  
Til máls tóku EIS, BGG, BB, GÓ, BG. Erindinu vísað til skólanefndar til meðferðar. Samþykkt samhljóða.
- 8. 0902034 - Samband íslenskra sveitafélaga. Megináherslur í úrgangsmálum**  
Til máls tóku EIS, BGG, BB, GÓ, BG. Lagt fram til kynningar.
- 9. 0902032 - Lögreglustjórinn á Vestfjörðum. Lögreglusamþykktir á Vestfjörðum**  
Lagt fram til kynningar.
- 10. 0902030 - Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Lögreglusamþykktir sveitafélaga**  
Lagt fram til kynningar.
- 11. 0902027 - Lögreglan á Vestfjörðum. Lausaganga búfjár í Tálknafirði**  
Ákveðið að vinna að málinu í samvinnu við Vesturbyggð. Samþykkt samhljóða.
- 12. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**  
Oddviti bað um launalaust leyfi frá starfi framkvæmdastjóra út apríl vegna þátttöku í prófkjöri jafnframt verður ráðinn framkvæmdastjóri til sama tíma. Samþykkt samhljóða.  
Bjarnveig víkur af fundi, Guðlaugur Jónsson kemur í hennar stað.
- 13. 0902033 - Tálknafjarðarhreppur, umsókn til endurbóta á Pollinum.**  
Sigurði Viggóssyni, fh. landeigenda, verður sent erindið til umsagnar. Samþ. samhljóða.
- 14. 0902031 - Verkalýðsfélag Vestfirðinga. Félagafrelsi starfsfólks - kjarasamningar**  
Lagt fram til kynningar.
- 15. 0902028 - Samgönguráðuneytið, Jöfnunarsjóður. Uppgjör framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitafélaga á árinu 2008**  
Lagt fram til kynningar.
- 16. 0902025 - Alþingi fjárlaganefnd. Framlag til skólabúða á Tálknafirði**  
Lagt fram til kynningar.
- 17. 0902023 - Bændasamtök Íslands. Bótaréttur vegna framkvæmda í almannapágu og framkvæmd eignarnáms.**  
Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18.20**

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____